

Miðvikudaginn 2. nóvember 1994.

Nr. 434/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Þorsteini Þorsteinssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. október sl., sem barst Hæstarétti 31. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Loks krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess í greinargerð til Hæstaréttar með vísan til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til kl. 16.00 miðvikudaginn 30. nóvember 1994. Kveður sóknaraðili kröfu um lengingu gæsluvarðhalds fram setta innan tímamarka 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991. Kæru til æðra dóms skal beint til héraðsdómara samkvæmt 3. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991 innan þeirra tímamarka, er 2. mgr. ákvæðisins kveður á um. Þessa hefur sóknaraðili ekki gætt. Kemur því eigi til álita krafa um lengingu gæsluvarðhalds.

I.

Lýsingu málsatvika er ábótavant í hinum kærða úrskurði. Lögreglan var kvödd að bifreiðastæði við Dyrhamra 2 í Reykjavík um kl. 20.30 að kvöldi föstudagsins 28. október sl. vegna líkamsárásar. Skömmu síðar kom þar að Sigurey Finnbogadóttir, kærandi í máli þessu. Var hún þar með systur sinni. Flutti lögregla hana á slysa-deild Borgarspítalans til aðhlynningar. Gekkst hún þar undir réttarlæknisfræðilega rannsókn á slysadeild strax eftir komu þangað.

Samkvæmt skýrslu Önnu Þ. Salvarsdóttur læknis, er skoðaði kæranda, var hún marin á lærum og burðarbarmi, og voru sæðisfrumur í sýnum, er tekin voru úr leghálsi og leggöngum. Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt læknisvottorð Brynjólfs Jónssonar, læknis á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, dagsett 31. október sl. Þar segir meðal annars um áverka kæranda:

„Töluverðir áverkar hér og hvar á líkamanum. Brot í andliti og nefbeini, en þó þarf sennilega ekki að meðhöndla það sérstaklega.

Grunur um brot í hryggjarlið og brot í vi. sperrilegg, þarf sennilega ekki meðhöndlunar við nema að ganga á hækjum, þar til eymsli ganga yfir, en búast má við, að brotið taki um 2 mánuði að gróa. Mar og bólga á öllum útlimum og í andliti og á höfði. Merki um, að hálstök hafi verið tekin. Ekki grunur um, að tjónþoli hafi verið undir áhrifum áfengis.“

Rannsóknarlögreglumenn ræddu við kæranda á gæsludeild slysa-deildar Borgarspítalans 29. október sl. Í skýrslu þeirra er haft eftir henni, að varnaraðili hafi óskað aðstoðar hennar við undirbúning veislufanga. Í þeim erindagjörðum hafi kærandi komið á heimili varnaraðila að Hlíðarhjalla 20 í Kópavogi. Varnaraðili hafi þá augljóslega verið byrjaður að neyta áfengis. Hafi hann orðið mjög æstur í skapi og skyndilega ráðist að kæranda, hent henni til, lamið og sparkað í hana. Aðfarir varnaraðila hafi endað með því, að hann hafi nauðgað henni. Hafi hann rifið hana úr buxum og nærbuxum, ýtt henni upp að ísskáp í eldhússkrók, sveigt hana aftur og haft við hana samræði. Hafi kæranda tekist að komast inn í baðherbergi og læsa þar að sér. Varnaraðili hafi brotið upp hurðina og ráðist aftur að kæranda. Hann hafi þá róast og kæranda tekist að komast á brott úr íbúðinni og að heimili sínu á bifreið sinni. Atлага varnaraðila að kæranda hafi staðið samfellt í um tvær og hálfu klukkustund. Er kærandi hafi komið akandi heim til sín, hafi varnaraðili verið þangað kominn. Þar hafi hann veist að henni, þar sem hún sat í bifreið sinni, og brotið hliðarrúðu í bílnum.

Varnaraðili var handtekinn kl. 20.44 sama kvöld við félagsheimili við Rafstöðvarveg. Var hann samkvæmt lýsingu lögreglu augljós-

lega undir áhrifum áfengis og með áverka á brjósti og því fluttur á slysadeild Borgarspítalans til aðhlynningar. Við lögregluþfirheyrslu 29. október sl. kvað varnaraðili kæranda hafa komið á heimili sitt umræddan dag, þar sem hún hefði meðal annars drukkið áfengi. Þau hefðu síðan haft samfarir með vilja hennar. Síðar hefði komið upp ósætti á milli þeirra og átök. Kvaðst varnaraðili sennilega hafa slegið til kæranda, en hún lagt til hans með einhverju eggvopni. Þá viðurkenndi varnaraðili að hafa brotið upp baðherbergishurð og að hafa ráðist á kæranda inni í baðherberginu, þannig, að hann hefði slegið hana í andlit með höndum og hæft hana með þeim afleiðingum, að hún fékk glóðarauga. Varnaraðili neitaði að hafa nauðgað kæranda.

Er varnaraðili var færður fyrir dóm vegna kröfu um gæsluvarðhald, kvað hann kæranda hafa átt upptök átakanna með því að særa hann á brjósti með eggjárn. Áverka hennar kvað hann stafa að einhverju leyti af líkamsárás, sem hún hefði orðið fyrir um hálfum mánuði áður. Neitaði hann sem fyrr að hafa nauðgað kæranda.

II.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um brot varnaraðila gegn 1. mgr. 194. gr. og 1. eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Varnaraðili hefur neitað því að hafa veist að kæranda með þeim hætti, er hún greinir frá. Enn er ólokið veigamiklum þáttum í rannsókn málsins, og getur varnaraðili torveldað framgang hennar. Með vísan til þessa svo og a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að hann sæti gæsluvarðhaldi. Málið sætir nú frumrannsókn hjá lögreglu. Verður gæsluvarðhald varnaraðila, eins og málið er nú statt, ekki jafnframt byggt á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Er varnaraðili var færður fyrir héraðsdóm 29. október sl., lét héraðsdómari við það eitt sitja að færa til þingbókar stutta athugasemd varnaraðila um kæruefnið. Var engin sjálfstæð skýrsla tekin af honum um sakarefnið. Sá háttur á meðferð málsins var með öllu óviðunandi og þá sérstaklega í ljósi hins alvarlega kæruefnis. Málsmeðferð þessa, er fór í bága við meginreglur opinbers réttarfars um yfirheyrslu fyrir dómi, ber að átelja.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 29. október 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur í dag krafist þess, að Þorsteini Þorsteinssyni, kt. 210755-4629, lögheimili Barmahlíð 1, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 32 daga, til miðvikudagsins 30. nóvember 1994 kl. 16.00. Vísar hún um lagarök til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þykir henni ætluð brot kærða varða við 194. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, 2. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 266. gr. sömu laga.

Kærði hefur fyrir dóminum mótmælt með öllu gæsluvarðhaldskröfunni. Hann hefur neitað því, að hann hafi gerst sekur um nauðgun. Hann hefur og haldið því fram, að meintur brotapolí hafi átt upphaf að ofbeldisverkum í máli þessu. Verjandi kærða hefur mótmælt því, að krafan um gæsluvarðhald nái fram að ganga. Telur hann, að hvorki 1. mgr. né 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 eigi við í máli þessu.

Frumskýrsla í máli þessu er tímasett í gær kl. 20.34 og er skráð af lögreglumanni í Reykjavík. Samkv. skýrslu, tímasettri í dag kl. 12.31 kærir [...] kærða í máli þessu fyrir nauðgun og líkamsárás. Lögregla handtók kærða í gærkvöld kl. 20.44.

Fram er komið í málinu eftirfarandi:

Kærandi, X, kom á heimili kærða á Hlíðarhjalla 20, Kópavogi, síðdegis í gær, um eða upp úr kl. 17. Þar urðu mikil átök milli kærða og kæranda, ætlaðs brotapóla. Í framburðarskýrslu kærða kemur m. a. fram, að X hafi læst sig inni á baðherbergi. Viðurkennir kærði að hafa brotið upp baðherbergishurðina. Orðrétt er haft eftir honum: „Ég réðst á hana inni á baðherberginu og skutlaði henni út af baðherberginu. Þá sparkaði ég eitthvað í hana líka, einhvers staðar neðan við mitti, lærin á henni eða rassinn.“ Einnig er haft eftir honum: „Ég hef líklega slegið hana í andlitið með höndunum og hæft hana þannig, að hún hafi fengið glóðaraugu.“

Meintur brotapolí komst út úr íbúð kærða og ók heim til sín. Kærði fylgdi henni eftir, og fyrir utan íbúð hennar braut hann rúðu í bíl hennar, og var hún þá í bílnum.

Læknir komst að þeirri niðurstöðu við skoðun á meintum brotapolá, X, að hún væri „í hroðalegu ástandi, andlega og líkamlega,“ einnig: „Skoðun á brotapolá styður frásögn hennar um hrottalega líkamsárás og nauðgun.“

Að framanrituðu athuguðu telur dómari, að sýnt hafi verið fram á, að rökstuddur grunur leiki á, að kærði hafi gerst sekur um brot á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, og 2. mgr. 218.

gr. sömu laga. Jafnframt er ljóst, að mál þetta er ekki að fullu upplýst. Telur dómari, að fullnægt sé skilyrðum í 1. mgr., a-liðar, 103. gr. laga nr. 19/1991 til að verða við kröfunni um gæsluvarðhald. Hann telur hins vegar, að ekki hafi verið sýnt fram á, að 2. mgr. sömu lagagreinar eigi við í málinu.

Eftir atvikum, eins og þau hafa verið skýrð skriflega og munnlega, þykir dómara rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi í tvær vikur frá handtöku hið lengsta, til föstudags 11. nóvember 1994 kl. 20.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Þorsteinn Þorsteinsson, kt. 210755-4629, sæti gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til föstudagsins 11. nóvember 1994 kl. 20.00.
